

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, sbr. reglugerð nr. 791/2000, um breytingu á henni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin: „skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi“ í 1. másl. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 7.100 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á auka-gjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir frá 1. janúar 2002.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. desember 2001.

Garðabæ, 12. desember 2001.

Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um afnám reglna um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að fella úr gildi reglur nr. 489 frá 31. ágúst 1995, um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf, en reglurnar voru gefnar út í Stjórnartíðindum B 89 hinn 20. september 1995.

Reglurnar falla úr gildi frá og með 1. janúar 2002.

Reykjavík, 14. desember 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjöld og byggingaleyfisgjöld í Borgarbyggð.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarnesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarbyggð skal greiða byggingaleyfisgjöld skv. skipulags- og byggingarreglugerð nr. 73/1997.